

A 1797/välfärd

Afgreiðsla Norræna velferðarnefndin

Nefndarálit norrænu velferðarnefndarinnar um

**Þingmannatillögu  
um að draga úr aðgangi barna og ungmenna að klámi í samfélaginu****Tillaga**

Norræna velferðarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

*að hún láti kanna hvaða áhrif klámneysla hefur á börn og ungmenni á Norðurlöndum**að hún láti kanna hvernig hægt sé að sjá til þess að ekki verði hægt að fá aðgang að klámi gegnum þriðja aðila nema staðfesta aldur (til dæmis með bankaauðkenni) svo að tryggt sé að notandinn sé orðinn 18 ára**að hún vinni að því að klámefni sé ekki aðgengilegt í skólum og leikskólum á Norðurlöndum, til dæmis með því að setja upp klámsíur eða sambærilegar tæknilausnir í tölvur og spjaldtölvur á þessum stöðum**að netveitur verði skyldaðar til að bjóða viðskiptavinum sínum klámsíur endurgjaldslaust***Bakgrunnur**

Upphaflega tillagan sem fyrst var tekin fyrir á þemaþinginu í Kaupmannahöfn í apríl var svohljóðandi:

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

*að sjá til þess að ekki verði hægt að fá aðgang að klámi gegnum þriðja aðila nema staðfesta aldur (til dæmis með bankaauðkenni) svo að tryggt sé að notandinn sé orðinn 18 ára**að vinna að því að klámefni sé ekki aðgengilegt í skólum og leikskólum á Norðurlöndum, til dæmis með því að setja upp klámsíur eða sambærilegar tæknilausnir í tölvur og spjaldtölvur á þessum stöðum**að miðla góðum dæmum um að tekist hafi að draga úr tækifærum barna og ungmenna til að neyta kláms*



Að lokinni umræðu í nefndinni var samþykkt að flokkahópur jafnaðarmanna skyldi leggja fram minnisblað með breytingum á upphaflegu tillögunni. Flokkahópur jafnaðarmanna hefur skilað inn minnisblaði með breytingatillögum. Skrifstofan hefur fært breytingarnar inn í nýja tillögu.

Á undanförunum tíu árum hefur klámefni á netinu orðið grófara. Það inniheldur ógnandi og niðurlægjandi hegðun og kynferðislegt ofbeldi gagnvart konum. Árið 2006 átti Norræna ráðherranefndin frumkvæði að gerð rannsóknaskýrslunnar „Unga, kön och pornografi i Norden“ (Ungmennni, kyn og klám á Norðurlöndum). Niðurstöður hennar sýna að næstum öll börn og ungmenni á Norðurlöndum hafa neytt kláms. Auk þess eru þau afar ung þegar þau komast fyrst í kynni við klámefni. Drengir byrja að horfa á klám um 12–14 ára aldur og á Íslandi aðeins 11 ára gamlir. Samkvæmt rannsókn sem gerð var við háskólann í Linköping horfðu 11 prósent drengja daglega á klám árið 2004, en 2014 hafði hlutfallið meira en tvöfaldast og ekkert bendir til þess að breyting hafi orðið á.

Klám hefur einnig áhrif á drengi og karlmenn. Þeir eiga á hættu að verða ágengari kynferðislega, eiga erfiðara með að mynda nán tengsl og þeim getur farið að þykja ofbeldi gegn konum léttvægt.

Metoo-hreyfingin leiddi skýrt í ljós að margar ungar stúlkur og konur verða fyrir kynferðislegri áreitni og ofbeldi. Spurningin er hversu mikinn þátt klámið á í því að gefa drengjum og karlmönnum skakka mynd af konum. Því þarf að kanna hvaða áhrif klám, sem nú á dögum er mjög aðgengilegt, hefur haft á börn og ungmenni á Norðurlöndum öllum.

Samkvæmt barnasáttmálanum á að vernda börn fyrir kynferðislegri misnotkun og gegn því að vera notuð í t.d. klámefni. Löggjöf um klám er til staðar en hún hefur ekki haldið í við stafræna tækniþróun. Ólöglegt er að birta klámfengna mynd í kennslubók, en gegnum spjaldtölvur og tölvur skólans hafa börn oft aðgang að klámi og ofbeldisfullum tölvuleikjum eða kvikmyndum.

Skólinn á að vera öruggur staður fyrir öll börn. Miklum tíma og fjármunum er varið í að bæta skólaumhverfi barna hvað snertir líkamlega og sálfélagslega þætti en við vitum minna um þann heim sem börnin hrærast í á netinu. Mikilvægt er að enginn aðgangur sé að klámi í skólum og leikskólum á Norðurlöndum. Ein leið til að draga úr hættu á slíku í skólaumhverfinu er að skólarnir setji upp klámsíur eða aðrar tæknilausnir í tölvur og spjaldtölvur á sínum vegum.

Verkefni skóla við að vinna gegn þeirra mynd sem klám gefur af kynlífi er vitaskuld víðtækara og þarf til dæmis að eiga sér stað í formi vandaðrar kynfræðslu. Það liggur í augum uppi að skólinn á að vera laus við kynferðislegt ofbeldi og áreitni og það er skylda hvers skóla að sjá til þess.

Í Bretlandi hefur verið ákveðið að notendur þurfi að staðfesta aldur sinn. Það þýðir að þeir sem vilja nálgast klám verða að staðfesta að þeir hafi náð 18 ára aldri. Við þurfum að fylgjast grannt með þróuninni í Bretlandi með það fyrir augum hvort hentugt kunni



að vera að taka upp svipaða lausn á Norðurlöndum. Með aldursstaðfestingu sem virkar væri hægt að hafa 18 ára aldurstakmark á klámi eins og við á um tóbak, áfengi og fjárhættuspil.

Með hjálp nútímatækni er auðvelt að dreifa klámi og finna það. Þróunin er svipuð á öllum Norðurlöndum. Því er mikilvægt að vinna áfram með málið og finna lausnir til að draga úr tækifærum barna og ungmenna til að neyta kláms. Skoða ber þann möguleika að skylda netveitur til að bjóða áskrifendum sínum upp á endurgjaldslausar klámsíur.

### Álit nefndarinnar

Málið var tekið upp að nýju á fundi nefndarinnar á þinginu hinn 29. október 2019. Það var álit nefndarmanna að erfitt væri að nýta tækni til að koma á takmörkunum vegna þess að ungt fólk er afar duglegt við að nálgast það efni sem það vill á netinu óháð því hvaða tæknilegu hindranir eru í vegi þess. Á hinn bóginn hefur verið rætt við forritara sem segja að þetta sé mögulegt ef þrýstingur frá almenningi er nægur en sú er ekki raunin í dag.

Nefndin telur einnig mikilvægt að fjallað sé um málið þar sem 79 prósent foreldra telja ekki að börn þeirra horfi á klám. Mikilvægt er að auka vitund um málið í skólum og meðal foreldra.

Kveikjan að tillögunni var fjöldi frásagna af klámi sem minnir á pyntingar sem dreift er á netinu.

Norræna velferðarnefndin ákvað eftir atkvæðagreiðslu að halda áfram með tillöguna.

Kaupmannahöfn, 28. janúar 2020

*Eva Lindh (S)*

*Guðmundur Ingi Kristinsson (Flf)*

*Heli Järvinen (gröna)*

*Hogni Hoydal (T)*

*Kaisa Juuso (saf)*

*Kasper Roug (S)*

*Kim Berg (S)*

*Liselott Blixt (DF)*

*Nils Sjøberg (RV)*

*Nina Sandberg (A)*

*Per-Arne Håkansson (S)*

*Solveig Horne (FrP)*

### Fyrirvari

Flokkahópur hægrimanna gerði fyrirvara við niðurstöðuna.

Flokkahópur hægrimanna leggur til að

Norðurlandaráð aðhafist ekki frekar vegna þingmannatillögu A 1797/välfärd



Kaupmannahöfn, 28. janúar 2020

*Bente Stein Mathisen (H)*

*Maria Stockhaus (M)*

*Solveig Sundbø Abrahamsen (H)*